



Kópavogur, 6. mars 2020

## Áhrif verkfalla á starfsemi Kópavogsbæjar

### STJÓRNSÝSLUSVIÐ

Bæjarskrifstofur

Mánudagur og þriðjudagur

Starfsmenn bæjarskrifstofa sem eru í BHM eru í vinnu. Húsið lokar en hægt að hafa beint samband við þá sem eru í vinnu.

Menningarhús

Mánudagur:

- Bókasafn opið 8-16
- Náttúrufræðistofa opin 8-16
- Gerðarsafn lokað
- Salurinn og Héraðsskjalasafn opið skv. venju (einungis aðalinngangur Salarins opinn)
- Pure Deli opið með inngangi neðan frá.

Þriðjudagur:

- Bókasafn, Náttúrufræðistofa og Gerðarsafn lokað
- Salurinn og Héraðsskjalasafn opið skv. venju ( einungis aðalinngangur Salarins opinn)
- Pure Deli opið með inngangi neðan frá.

### MENNTASVIÐ

#### Grunnskólar

Starfsmannafélag Kópavogs (SFK) hefur boðað verkfall 9. og 10. mars, 17. og 18. mars, 24. og 26. mars. og 31. mars og 1. apríl og ótímabundið frá 15. apríl. Starfsmenn SFK er m.a. húsvörður, ritari, stuðningsfulltrúar, starfsmenn í mötuneyti og frístundaleiðbeinendur.

Starfsmenn Eflingar hafa boðað ótímabundið verkfall frá og með mánudeginum 9. mars kl. 12:00 á hádegi. Starfsmenn Eflingar, skólaliðar, sinna m.a ræstingum og gæslu nemenda í frímínútum/úttivist.

Áhrif mögulegra verkfalla er mjög mismunandi milli skóla. Það sem hefur mest áhrif á skólastarf í grunnskólum er skert gæsla í frímínútum, stuðningur við börn með sérþarfir verður takmarkaður og ræsting lítil sem engin í nokkrum skólum.

Verið er að skoða mögulegar aðrar leiðir til að bregðast við áhrifum verkfalla með öðrum hætti, í samráði við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu. Meðal þeirra leiða sem verið er að skoða er að stytta skóladag þannig að nemendur fari heim fyrir hádegislé eða jafnvel



fyrir. Ákvarðanir varðandi þetta verða teknar í byrjun næstu viku ef á þarf að halda og með samræmi við aðgerðir í nágrannasveitarfélög.

**Ef til verkfalls kemur þá munu áhrif verkfalls m.a. verða með eftirfarandi hætti :**

### **Sérdeildir og stuðningur**

- Stuðningsfulltrúar sinna stuðningi við börn með sérþarfir og ekki verður unnt að sinna honum þá daga sem verkfall stendur yfir.
- Sótt verður um undanþágur vegna einhverfudeilda og annarra sérdeilda en óvíst er hvað fæst samþykkt.

### **Ræstingar**

- Fimm grunnskólar eru með aðkeypta ræstingu og starfsmenn ræstingarfyritækjanna fara ekki í verkfall. Áhrif verkfalls í þessum skólum verða því lítil sem engin hvað ræstingu varðar.
- Fjórir grunnskólar hafa litla sem enga aðkeypta ræstingu heldur sinna skólaliðar ræstingu. Þetta eru Kársnesskóli, Kópavogsskóli, Salaskóli og Álfhólsskóli. Þar verður engin ræsting og þessir skólar þurfa að loka eftir ca 3 daga eða að undangenginni úttekt heilbrigðiseftirlits að beiðni skólastjóra.
- Hafa verður í huga þær aðstæður sem Covid-19 skapar og kalla á meiri þrif en venjulega. Verið er að skoða þessi áhrif verkfalla hjá Almannavörnum m.t.t. þess að mögulega þarf að loka skólum fyrir af þessum völdum.

### **Frímínútur**

- Frímínútnagæsla verður verulega skert frá og með mánudeginum 9. mars.
- Misjafnt er eftir skólum hversu mikilli gæslu kennarar sinna og áhrif verkfalls í einstökum skólum ræðst mikið af því. Í sumum skólum sinna kennarar gæslu á yngsta stigi en minna á miðstigi.

### **Íþrótt- og sundkennsla**

- Íþróttahús skólanna verða lokað en Kórinn, Versalir og Fífan verða opinn. Sundlaugar verða lokaðar. Íþróttakennarar geta fært kennslu út þegar aðstæður leyfa.

### **Frístund**

- Lokar alfarið frá 9. mars

### **Mötuneyti**

- Mötuneyti verða lokað þá daga sem verkfall stendur. Nemendur koma með nesti nema í Smáraskóla sem er með aðkeyptan mat og þar verður boðið upp á léttari mat sem krefst lítilla þrifa og frágangs, s.s. samlokur o.þ.h.

### **Skrifstofa**

- Skólastjórar skipuleggja verkefni eins og forfallaskráningu, símsvörun o.þ.h. með öðrum hætti eða ganga sjálfir í þau verkefni.

### **Félagsmiðstöðvar**

- Loka þá daga sem SFK starfsmenn eru í verkfalli, þ.á.m. 9. og 10. mars

### **Gjöld**

- Foreldrar greiða ekki fyrir þjónustu sem við getum ekki veitt, s.s. gjöld vegna matar og frístundar.



## Íþróttadeild

Öllum mannvirkjum íþróttadeildar sem **rekin eru af Kópavogsbæ verður lokað alla umrædda daga** ef til verkfalla kemur:

1. Sundlaug Kópavogs (Forstöðumaður og tæknistjóri á undanþágulista vegna verkfalla)
2. Salalaug Versölum (Forstöðumaður á undanþágulista vegna verkfalla)
3. Boðalaug Boðarþingi
4. Íþróttahúsið Digranes
5. Íþróttahúsið í Fagrilundi sem og íþróttahús Snælandsskóla
6. Íþróttahús Vatnsendaskóla
7. Íþróttahús Lindaskóla
8. Íþróttahús Kársnesskóla
9. Íþróttahús Kópavogsskóla
10. Gervigrasvöllur í Fagralundi verður ekki snjóhreinsaður, viðhaldi ekki sinnt þessa daga né ljós kveikt þegar dimmir.
11. Gervigrasvöllur í Kórnum verður ekki snjóhreinsaður né viðhaldi ekki sinnt þessa daga.
12. Gervigrasvöllur á Kópavogsvelli verður ekki snjóhreinsaður, né viðhaldi sinnt þessa daga.
13. Knattballirnar tvær, Kórinn og Fífan ásamt íþróttahúsinu í Versölum verða opin þar sem starfsmenn íþróttafélaga vinna
14. Skíðaskálinn í Bláfjöllum lokaður

Stóru íþróttahúsin sem rekin eru af íþróttafélögnum verða opin, þ.e. Smárinn og Fífan, Kórinn og Versalir.

## Frístundadeild

Frístundaleiðbeinendur eru í SfK og því verður lokað í öllum starfsstöðvum frístundadeildar umrædda verkfallsdagar, þ.e. félagsmiðstöðvum barna- og unglinga, félagsmiðstöðvum eldri borgar, Frístundaklúbbnum Hrafninum og Molanum.

- 9. mars (mánudagur)
- 10. mars (þriðjudagur)
- 17. mars (þriðjudagur)
- 18. mars (miðvikudagur)
- 24. mars (þriðjudagur)
- 26. mars (fimmtudagur)
- 31. mars (þriðjudagur)
- 1. apríl (miðvikudagur)

## Leikskólar



Starfsmannafélag Kópavogs (SFK) hefur boðað verkfall 9. og 10. mars, 17. og 18. mars, 24. og 26. mars og 31. mars og 1. apríl og ótímabundið frá 15. apríl. Starfsmenn SFK í leikskólum Kópavogs eru ófaglærðir leiðbeinendur og matráðar og aðstoðarmatráðar. Flestir leikskólar í Kópavogi eru með aðkeypta ræstingu.

**Allir leiðbeinendur** í leikskólum Kópavogs fara í verkfall ef að verfalli verður og leiðir það til skertra þjónustu. Nokkrar deildar í leikskólunum verða lokaðar og í þeim tilfellum koma börnin ekkert í leikskólann á meðan verkfallinu stendur. Þar sem deildar verða opnar fá börnin mismunandi skerta þjónustu. **Þau fá** allt að 4 tímum vistun og í örfáum tilfellum fá börn 7 tíma vistun annan daginn. Útlit er því fyrir að um helmingur venjulegs barnafjölda verði í leikskólanum þá daga sem verkfallið stendur.

**Matráðar** í flest öllum leikskólum eru í SFK og eru eldhús í þeim leikskólum lokað (15 leikskólar). Í þeim leikskólum fara börnin heim í hádegismat.

### Þrif í skólunum.

Verktakafyrirtæki sér um þrif í flestum leikskólum (15 og einum hálfum), en í hinum þremur og hálfum sjá starfsmenn Eflingu um þrif og eftir fáeina daga munu þeir leikskólar loka alveg.

## VELFERÐARSVIÐ

### 1. Þjónustu- og ráðgjafardeild aldraðra

#### Heimaþjónusta

- Tveir þjónustustjórar af þremur fara í verkfall en einn er á undanþágu. Þessir starfsmenn tilheyra SFK og fara því í tímabundin verkföll 9. og 10. mars, 17. og 18. mars, 24. og 26. mars, 31. mars og 1. apríl n.k.
- 36 starfsmenn heimaþjónustu í Eflingu fara í ótímabundið verkfall frá 9. mars og tveir starfsmenn heimaþjónustu fara í tímabundin verkföll 9. og 10. mars, 17. og 18. mars, 24. og 26. mars, 31. mars og 1. apríl n.k. Veitt hefur verið undanþága fyrir einn starfsmann heimaþjónustu sem mun sinna brýnustu innlitunum til skjólstæðinga en að öðru leyti fellur þjónustan niður. Aðeins verður veitt allra nauðsynlegasta þjónusta í heimahúsum, heimsóknir stytast og tímasetningar breytast.
- Engin röskun verður á afhendingu matarbakka eða ferðaþjónustu.

#### Dagdeild Roðasala

- Sex starfsmenn dagþjálfunar í Eflingu fara í ótímabundið verkfall frá 9. mars og einn starfsmaður SFK í tímabundin verkföll 9. og 10. mars, 17. og 18. mars, 24. og 26. mars, 31. mars og 1. apríl n.k. Dagþjálfun verður lokað þá daga sem verkfall varir og innlitsþjónusta frá Roðasölum fellur niður.

#### Heimilið Roðasölum

- Allir starfsmenn undanþegnir verkfalli.



Notendur og aðstandendur hafa þegar verið látnir vita af þeim áhrifum sem verkföllin munu hafa á þjónustuna.

## 2. Þjónustu- og ráðgjafardeild fatlaðra

### Félagsleg og frekari liðveisla

- 110 liðveitendur í félagslegri liðveislu í SFK fara í tímabundin verkföll 9. og 10. mars, 17. og 18. mars, 24. og 26. mars, 31. mars og 1. apríl n.k.
- 17 liðveitendur í frekari liðveislu í SFK fara í tímabundin verkföll 9. og 10. mars, 17. og 18. mars, 24. og 26. mars, 31. mars og 1. apríl n.k.
- Líklega verður sótt um undanþágu fyrir stuðning heim til þriggja alvarlega fatlaðra einstaklinga.

### Dalvegur hæfingarstöð

- Ellefu starfsmenn hæfingarstöðvarinnar í SFK og fjórir starfsmenn í Sameyki fara í tímabundin verkföll 9. og 10. mars, 17. og 18. mars, 24. og 26. mars, 31. mars og 1. apríl n.k.. Hæfingarstöðinni verður lokað þá daga sem verkfall varir og búið er að láta notendur og aðstandendur vita.

### Dvöl athvarf

- Tveir starfsmenn Dvalar í Eflingu fara í ótímabundið verkfall frá 9. mars n.k. Dvöl verður lokað þá daga sem verkfall varir. Notendur og aðstandendur þeirra verða látnir vita.

### Örvi starfsþjálfunarstaður

- Þrjár verkstjórar Örva í SFK og einn verkstjóri í Sameyki fara í tímabundin verkföll 9. og 10. mars, 17. og 18. mars, 24. og 26. mars, 31. mars og 1. apríl n.k. Hægt er að halda starfsemi Örva gangandi og taka á móti notendum.

### Hrauntunga

- Tíu starfsmenn Hrauntungu í SFK fara í tímabundin verkföll 9. og 10. mars, 17. og 18. mars, 24. og 26. mars, 31. mars og 1. apríl n.k. Engin starfsemi verður í Hrauntungu þá daga sem verkfall varir og búið er að láta notendur og aðstandendur vita. Ef verkföll vara lengur verður hugsanlega beðið um undanþágu.

### Búsetuúrræði fyrir fatlað fólk og sértæk heimþjónusta

- Búið er að samþykkja undanþágur frá verkfalli fyrir alla starfsmenn svo þjónusta telst óskert.



### 3. Ráðgjafar- og íbúadeild

- Fjórir starfsmenn deildarinnar eru í SFK og fara í tímabundin verkföll 9. og 10. mars, 17. og 18. mars, 24. og 26. mars, 31. mars og 1. apríl n.k. Verfall mun ekki hafa teljandi áhrif á þjónustu deildarinnar þessa fáu daga sem um ræðir en getur haft víðtækar og miklar afleiðingar ef verfall lengist auk þess sem verfall í afgreiðslu sviðsins hefur áhrif á starfsemi þessarar deildar.

### 4. Barnavernd

- Einn umsjónarmaður sérúrræða í SFK fer í tímabundin verkföll 9. og 10. mars, 17. og 18. mars, 24. og 26. mars, 31. mars og 1. apríl n.k.
- 21 starfsmaður tilsjónar í SFK fer í tímabundin verkföll 9. og 10. mars, 17. og 18. mars, 24. og 26. mars, 31. mars og 1. apríl n.k.
- Einn félagsráðgjafi barnaverndar í SFK fer tímabundin verkföll 9. og 10. mars, 17. og 18. mars, 24. og 26. mars, 31. mars og 1. apríl n.k.

Þeir sem málin varða verða látnir vita af áhrifum verkfalla en það mun ekki hafa teljandi áhrif á þjónustu deildarinnar þá fáu daga sem um ræðir.

### 5. Rekstrardeild

- Fimm starfsmenn rekstrardeildar í SFK fara í tímabundin verkföll 9. og 10. mars, 17. og 18. mars, 24. og 26. mars, 31. mars og 1. apríl n.k. Afgreiðsla velferðarsviðs verður lokuð þá daga sem verfall varir, engin símsvörun né móttaka og ekki hægt að greiða út fjárhagsaðstoð. Sótt verður um undanþágu fyrir eitt stöðugildi starfsmanns í deildinni til að geta greitt út neyðaraðstoð og uppfyllt skilyrði laga.

## UMHVERFISSVIÐ

Áhrif verkfalla SFK, aðildarfélags BSRB.

#### Hættir:

- Tæming á ruslabiðum á bæjarlandi
- Vetrarþjónusta á tröppum og þröngum göngustígum þar sem vélar komast ekki að
- Umhirða á og við stofnanir bæjarins þ.m.t. við skóla og leikskóla
- Viðhald og uppsetning á umferðarmerkjum og skiltum
- Fylling á saltkistum
- Almenn þjónusta við stofnanir bæjarins
- Hreinsun niðurfalla og losun á stíflum á og í gatnakerfi bæjarins
- Útkeyrsla og viðgerðir á sorptunnum til fyrirtækja og einkaaðila
- Bráðaviðgerðir á holum í malbiki
- Starfsemi Bílastæðasjóðs Kópavogs



- Bakvaktir og neyðarþjónusta falla niður sem m.a. hefur áhrif á að vetrarþjónustu göngu- og hjólaleiða sem og húsagata utan hefðbundins vinnutíma falla niður
- Endurnýjun á lóðarleigusamningum
- Umsjón með ábendingarkerfum

Raskast:

- Starfssemi Vatnsveitu Kópavogs, neyðarþjónustu verður einungis sinnt
- Umhirða trjágróðurs
- Vetrarþjónusta á plönnum og lóðum skóla og leikskóla
- Viðgerðir á leiktækjum við leikskóla
- Starfssemi byggingarfulltrúa
- Fundir skipulagsráðs